


Menntunarstaða á Austurlandi

16-74 ára, árin 2013 og 2014*


* Menntunarstaða breytist hægt þar sem oftast tekur nokkurn tíma að ljúka námi. Ekki eru til nýlegri gögn frá Hagstofu fyrir Austurland en frá 2013/2014.

Á Austurlandi er menntunarstaða fremur lág. Gögn frá Hagstofu varðandi menntun í landshlutanum benda til þess að hún sé einnig lægri en gengur og gerist á landsbyggðinni. Ef menntun er flokkuð í þrennt; grunnmenntun þar sem hæsta lokna prófgráða er grunnskóli, starfs- og framhaldsmenntun þar er átt við alla menntun á framhaldsskólastigi og svo háskólamenntun, sést að hlutfall háskólamenntaðra á Austurlandi er um 16% en á landinu öllu er hlutfallið 28%.

Ef menntunarstaða er skoðuð eftir kynjum kemur í ljós mikill munur á milli kvenna og karla. Helmingur kvenna er með grunnskólamenntun sem hæstu loknu prófgráðu, aðeins fleiri en karlarnir. Um 21% kvenna á Austurlandi er með háskólapróf en aðeins um 12% karlanna. Það er helmingi minna en hlutfall karla á landinu öllu sem hafa háskólapróf.



Menntun eftir kynjum



Menntun eftir byggðarkjörnum

